

Föstudagur, 18. febrúar 2005

235. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 4/2005

Kvörtun Fornleifaverndar ríkisins yfir heiti Fornleifastofnunar Íslands

I.

Erindið

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 1. desember 2003, frá Fornleifavernd ríkisins. Í erindinu er kvartað yfir heiti Fornleifastofnunar Íslands og léninu fornleif.is og þeim ruglingi sem af þessu stafar á milli stofnananna. Að mati kvartanda brýtur háttalag Fornleifastofnunar Íslands í bága við 20. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Fram kemur að Fornleifavernd ríkisins sé ríkisstofnun sem sjái um stjórnslu varðandi fornleifar landsins. Frá því hún hafi tekið til starfa, í október 2001, hafi stofnunin orðið þess áskynja að sveitarfélög, stofnanir og einstaklingar hafi talið sig vera að eiga við ríkisstofnunina í samskiptum við sjálfseignarstofnunina Fornleifastofnun Íslands. Sem dæmi er bent á að í árslok 2001 hafi sveitarstjórnnum borist erindi frá sjálfseignarstofnuninni varðandi fornleifaskráningu sem ýmis sveitarfélög hafi tekið sem erindi frá stjórnslustofnuninni. Þá hafi borið á því að samskipti sjálfseignarstofnunarinnar við aðila sem vinna að skipulagsmálum séu þess eðlis að ætla mætti að um stjórnsluvald væri að ræða. Þannig hafi ALCOA og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, í maí 2003, talið sig eiga samskipti við stjórnslustofnunina vegna fornleifarannsókna en hafi í raun átt í viðskiptum við sjálfseignarstofnunina.

Í erindinu er rakið að Fornleifavernd ríkisins hafi í bréfi, dags. 11. júní 2003, beint þeim tilmælum til sjálfseignarstofnunarinnar Fornleifastofnunar Íslands að hún breytti nafni sínu eða a.m.k. bætti skammstöfuninni ses við heiti sitt í samræmi við 6. gr. laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999. Jafnframt hafi þess verið óskað að stofnunin skeytti orðinu *foundation* við erlent heiti sitt *Institute of Archaeology*. Ekkert svar hafi borist við erindinu og heldur ekki við ítrekunarbréfi sem dagsett sé 21. júlí 2003.

Þá hafi Fornleifastofnun Íslands breytt léni sínu úr instarch.is í fornleif.is. Heimasíða Fornleifaverndar ríkisins sé fornleifavernd.is. Sjálfseignarstofnunin hafi opnað útibú sem beri heitin Fornleifastofnun Vestfjarða og Fornleifastofnun Norðurlands.

Með bréfi Fornleifaverndar ríkisins fylgdu afrit bréfa til menntamálaráðuneytisins og Fornleifastofnunar Íslands sem og afrit bréfa Fornleifastofnunar til sveitarfélags og arkitekts sem lýsa ruglingi sem orðið hefur á milli stofnananna.

II. Málsmeðferð

1.

Erindi Fornleifaverndar ríkisins var sent Fornleifastofnun Íslands til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 3. desember 2003. Svar Fornleifastofnunar Íslands er dags. 12. desember 2003. Þar segir að Fornleifastofnun Íslands sé sjálfseignarstofnun sem starfi skv. skipulagsskrá sem staðfest hafi verið af dóms- og kirkjumálaráðuneyti 7. júlí 1995 og birt í B-deild Stjórnartíðinda nr. 396/1995. Heiti stofnunarinnar skv. 1. gr. skipulagsskrárinnar sé Fornleifastofnun Íslands. Rakið er að þegar undirbúningur að stofnun Fornleifastofnunar Íslands hafi staðið yfir hafi dóms- og kirkjumálaráðuneytið leitað álits forsætisráðuneytis um fyrirhugaða nafngift. Í svari forsætisráðuneytis, dags. 4. júlí 1995, segir:

„Tileinkun stofnunar eða fyrirtækis [á] lýðveldisheitinu með nefndum hætti virðist ekki vera bundin neinum hömlum, hvorki samkvæmt settum rétti né að venjurétti.

Þegar svo háttar til hefur ráðuneytið ekki talið vera lagagrundvöll fyrir að leggjast gegn hvers kyns notkun eða skírskotun til þjóðlegra auðkenna, eins og t.a.m. skjaldarmerkisins, fánalitanna o.fl. nema hún stríði augljóslega gegn almennu velsæmi eða ríkum almannahagsmunum.

Að þessu athuguðu þykir ekki ástæða til að gera athugasemd við það heiti sem óskað er staðfestingar á.“

Fram kemur að Fornleifavernd ríkisins hafi verið sett á stofn með þjóðminjalögum nr. 107/2001, sex árum eftir að Fornleifastofnun Íslands hafi verið stofnuð. Fornleifastofnun Íslands hafi starfað undir nafni sínu í átta ár og hafi skapað sér virðingu og sess jafnt innanlands sem utan sem vísindastofnun og þjónustustofnun á sviði fornleifarannsóknna, fornleifaskráningar og fornleifavörslu. Ekki sé í 25. gr. samkeppnislaga gert ráð fyrir forgangsrétti íslenska ríkisins að nafngiftum stofnana eða að stjórnvöld geti krafist þess að fyrirtæki eða stofnanir sem starfandi séu á Íslandi breyti nöfnum sínum þegar nýjar ríkisstofnanir séu settar á laggirnar.

Þá sé rétt að benda á að skv. 3. mgr. 50. gr., sbr. 44. gr., laga nr. 33/1999 skuli viðskiptaráðherra og sjálfseignarstofnanaskrá hafa eftirlit með endurskráningu

starfandi sjálfseignarstofnana skv. lögnum. Lögin geri ekki ráð fyrir þátttöku Fornleifaverndar ríkisins í því eftirliti. Verði ekki annað séð en að Fornleifavernd ríkisins sé með afskiptasemi sinni í þessu máli að fara inn á valdsvið annars stjórnvalds.

Fram kemur að lög nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur hafi tekið gildi 1. nóvember 1999. Í 50. gr. laganna sé kveðið á um skyldu starfandi sjálfseignarstofnana sem falli undir lögin að endurskrá sig og aðlaga samþykktir sínar að ákvæðum laganna. Fornleifastofnun Íslands hafi í samræmi við lögin haft frumkvæði að því að skráningu hennar yrði breytt. Meðferð þess máls hafi hins vegar tafist. Þar til gengið hafi verið frá endurskráningu verði að líta svo á að eldri skipulagsskrá Fornleifastofnunar Íslands sé enn í gildi og þar með það nafn sem stofnunin beri nú. Þá er bent sérstaklega á að í lögum nr. 33/1999 séu engin ákvæði um skyldu sjálfseignarstofnana til að bæta orðinu *foundation* við ensk heiti sín.

Þá segir að ekkert í máli Fornleifaverndar ríkisins styðji þá skoðun að Fornleifastofnun Íslands sé að villa á sér heimildir enda hafi engin gögn verið lögð fram því til sönnunar. Í þjóðminjalögum sé ekki kveðið á um einkarétt ríkisins til að veita upplýsingar um þekktar fornleifar og ekki sé þar kveðið á um skyldu lögaðila sem starfi á þessu sviði að vísa beiðnum um upplýsingar um þekktar fornleifar til Fornleifaverndar ríkisins. Þau dæmi sem Fornleifavernd ríkisins hafi nefnt falli undir slíkt.

Fornleifastofnun Íslands hafi um árabíl átt mjög góð samskipti við viðskiptavinum sína. Í þeim hópi séu m.a. menntamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, Alþingi, Reykjavíkurborg og sveitarfélög auk annarra fyrirtækja, stofnana og sjóða. Ekki hafi komið til árekstra eða misskilnings um starfsemi stofnunarinnar enda stofnunin vel kynnt innan stjórnarsýslunnar og árangur hennar hafi notið athygli í fjölmiðlum. Í skýrslum sem varði málefni fornleifaverndar hafi Fornleifastofnun að eigin frumkvæði gætt þess sérstaklega að tilgreina Fornleifavernd ríkisins og stjórnarsýsluhlutverk hennar til að leiðbeina viðskiptavinum sínum og til þess að tryggja réttar boðleiðir. Skýrslurnar skipti tugum og fái Fornleifavernd ríkisins þær afhentar jafnóðum við útgáfu án endurgjalds.

Þar sem í bréfi Fornleifaverndar ríkisins til Samkeppnisstofnunar sé vísað til að ALCOA og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hafi talið sig vera að eiga við stjórnarsýslustofnunina vegna fornleifarannsóknna fari Fornleifavernd ríkisins með rangt mál. Fornleifastofnun hafi hingað til ekki átt í viðskiptum við iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti. Þá hafi ALCOA eingöngu leitað eftir viðskiptum sem feli í sér kaup á sérfræðiþjónustu Fornleifastofnunar Íslands en aldrei óskað eftir einhvers konar stjórnarsýslugerningi.

Málflutningur Fornleifaverndar ríkisins byggi á þeirri fullyrðingu að nafngift og háttalag Fornleifastofnunar Íslands leiði ítrekað til misskilnings sem Fornleifastofnunin hagnist á. Engin gögn hafi verið lögð fram þessu til sönnunar. Starfsmenn Fornleifastofnunar Íslands kannist ekki við að til þeirra hafi verið leitað sem opinberra embættismanna og hyggst því stjórn stofnunarinnar ekki fara fram á að nafni Fornleifaverndar ríkisins verði breytt vegna líkingar við nafn sjálfseignarstofnunarinnar Fornleifastofnunar Íslands.

2.

Bréf Fornleifastofnunar Íslands var sent Fornleifavernd ríkisins til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 15. desember 2003. Svar Jakobs R. Möller hrl., f.h. Fornleifaverndar ríkisins, er dags. 8. janúar 2004. Þar segir að réttilega sé tekið fram í bréfi Fornleifastofnunar Íslands að forsætisráðuneytið hafi ekki talið lagaheimild til þess að leggjast gegn því að fyrirtæki og stofnanir hafi í nafni sínu lýðveldisheitið. Dómsmálaráðuneytið hafi ekki haft lagagrundvöll til þess að meina Fornleifastofnun Íslands að kenna sig til landsins á þann hátt sem stofnunin geri. Það heimili þó hvorki Fornleifastofnun Íslands né öðrum að nota nafn sitt á þann hátt að auðveldlega leiði til misskilnings um það hver staða stofnunarinnar sé. Á þessu sé tekið í 6. gr. laga nr. 33/1999 þar sem áskilið sé að sjálfseignarstofnanir sem stundi atvinnurekstur skuli bera í nafni sínu orðið sjálfseignarstofnun eða skammstöfunina ses. Skv. 50 gr. laganna skyldu sjálfseignarstofnanir sem starfandi voru við gildistöku laganna skráðar innan sex mánaða frá gildistöku laganna og skyldu þær aðlaga samþykktir sínar að lögunum innan sama tíma. Hafi því Fornleifastofnun Íslands borið að breyta nafni og samþykktum sínum í allra síðasta lagi fyrir lok apríl 2000. Skv. þjóðminjalögum fari Fornleifavernd ríkisins með stjórnsýslu vegna rannsókna fornleifa, verndar þeirra og skráningar. Stofnuninni beri því skylda til þess að eyða misskilningi sem kunni að hafa orðið um að aðrir aðilar en Fornleifavernd ríkisins sinni þessari stjórnsýslu. Fornleifavernd ríkisins sé því ekki að fara inn á valdsvið annarra stjórnvalda með því að vekja athygli á ruglingshættu sem sannanlega sé fyrir hendi.

Þá eru í bréfinu rakin ýmis dæmi þar sem Fornleifavernd ríkisins telur að um þann rugling sé að ræða að Fornleifastofnun Íslands sé talin stjórnsýslustofnun. Þar á meðal að í bréfi um árlega endurskoðun Ríkisendurskoðunar á Fornleifavernd ríkisins, dags. 22. október 2003, sé bent á að borið hafi á því að einkafyrirtæki hafi komið inn á verksvið Fornleifaverndar ríkisins. Slíkt hafi reynst óheppilegt þar sem Fornleifavernd ríkisins sé stjórnsýslustofnun. Þá sé tekið fram að fyrirtækið hafi ekki fengist til að breyta nafni sínu og sé það afar villandi. Leggi Ríkisendurskoðun áherslu á að þessu verði breytt til þess að ekki fari milli mála hver fari með stjórnsýsluvald á sviði fornleifaverndar. Af þessu megi vera ljóst að ruglingshættan hafi tilhneigingu til þess að valda Fornleifavernd ríkisins erfiðleikum í rækslu stjórnsýslu sinnar. Torvelt sé að sjá hvaða hagsmuni Fornleifastofnun Íslands hafi af því að þessi ruglingshætta sé fyrir hendi aðra en þá að það komi stofnuninni vel við

verkefnaöflun. Af þeirri ástæðu hafi verið vísað til 20. gr. samkeppnislaga. Ráða megi bug á ruglingshættunni með því að Fornleifastofnun Íslands sinni þeirri lagaskyldu sinni að breyta nafni stofnunarinnar í Fornleifastofnun Íslands sjálfseignarstofnun eða ses.

Að lokum segir að á Fornleifavernd ríkisins hvíli sú sjálfsagða skylda að freista þess að ekki verði misskilningur innan opinberra stofnana og á meðal almennings og þeirra sem erindi eiga við stjórnslustofnun fornleifa um það hvaða stofnun fari með stjórnsluvald á þessu sviði. Stofnunin hafi rekið sig á það að fjölmargir aðilar, opinberar stofnanir og einkaaðilar hafi talið að Fornleifastofnun Íslands færi með stjórnsluvald á þessu sviði. Vafalaust sé að þessi misskilningur stafi af nafni Fornleifastofnunar Íslands og því að sjálfseignarstofnunin auðkenni sig ekki í samræmi við skilyrði 6. gr. laga nr. 33/1999.

3.

Bréf lögmanns Fornleifaverndar ríkisins var sent Fornleifastofnun Íslands til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 9. janúar 2004. Athugasemdir Fornleifastofnunar Íslands eru dagsettar 26. janúar 2004.

Í athugasemdunum er ítrekað að stjórnslustofnun sé lögbundin og að Fornleifavernd ríkisins hafi ekki sýnt fram á lagaheimild til að hlutast til um nafngiftir sjálfstæðra stofnana eða til að beina til þeirra tilmælum um nafnbreytingar. Viðskiptaráðherra og sjálfseignarstofnanaskrá hafi eftirlit með endurskráningu starfandi sjálfseignarstofnana skv. lögum nr. 33/1999.

Þá segir að ekkert nýtt hafi komið fram í greinargerð lögmannsins sem rökstyðji þá staðhæfingu að Fornleifastofnun Íslands villi á sér heimildir. Þá er þeim dæmum sem rakin voru í bréfi lögmannsins um meintan rugling í þá veru að litið væri á Fornleifastofnun Íslands sem stjórnslustofnun vísað á bug.

Hvað varðar staðhæfingar Ríkisendurskoðunar um að borið hafi á því að einkafyrirtæki hafi komið inn á verksvið Fornleifaverndar ríkisins þá séu ekki færð fram nein rök eða sannanir fyrir staðhæfingunni. Liggi beinast við að álykta að þessi staðhæfing sé komin frá forstöðumanni Fornleifaverndar ríkisins og endurtekna af Ríkisendurskoðun.

Athugasemdir Fornleifastofnunar Íslands voru sendar Fornleifavernd ríkisins til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 2. febrúar 2004. Svárið er dags. 12. febrúar 2004. Þar segir að ekkert nýtt komi fram í athugasemdum Fornleifastofnunar Íslands og eru fyrri rök ítrekuð. Þá hafi Fornleifavernd ríkisins nú borist afrit bréfs Fornleifastofnunar Íslands til fjárlaganefndar Alþingis frá árinu 2003 þar sem tekið sé fram að þangað berist sífellt fleiri fyrirspurnir og óskir frá almenningi enda sé „engin

sambærileg stofnun á vegum hins opinbera sem [sinni] þeirri þjónustu.“
Framangreint sé rangt en sýni vel þá ruglingshættu sem um ræði.

Samkeppnisstofnun gaf Fornleifastofnun Íslands tækifæri til að koma að athugasemdum með bréfi, dags. 23. febrúar 2004, og var þess jafnframt getið að gert væri ráð fyrir að um væri að ræða lokaandsvar í málsmeðferðinni. Í bréfi Fornleifastofnunar Íslands til Samkeppnisstofnunar, dags. 5. mars 2004, kemur fram að stofnunin telji málið reifað að fullu.

4.

Með bréfi lögmanns Fornleifaverndar ríkisins, dags. 30. janúar 2004, voru send viðbótargögn sem óskað var eftir að tekið yrði tillit til í málinu. Er þar m.a. að finna bréf sem að mati Fornleifaverndar ríkisins benda til að Fornleifastofnun Íslands hafi farið út fyrir verksvið sitt og að ruglingur hafi orðið og Fornleifastofnun Íslands talin opinber stofnun.

Bréfið var sent Fornleifastofnun Íslands til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 2. febrúar 2004. Með bréfi Fornleifastofnunar Íslands til Samkeppnisstofnunar, dags. 19. febrúar 2004, eru viðbótargögnin dregin í efa og þeim mótmælt og gefnar skýringar. Loks er þess krafist að Samkeppnisstofnun vísi kvörtun Fornleifaverndar ríkisins frá.

5.

Með bréfi, dags. 12. mars 2004, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun í málinu væri lokið. Jafnframt var fyrirtækjunum tilkynnt að málið yrði lagt fyrir fund samkeppnisráðs til ákvörðunar en gert væri ráð fyrir að einhver töf yrði á afgreiðslu þess sökum mikils fjölda mála í meðferð hjá stofnuninni.

Með bréfi Fornleifastofnunar Íslands til Samkeppnisstofnunar, dags. 17. mars 2004, var sent afrit bréfs til Ríkisendurskoðunar. Í bréfinu er óskað upplýsinga um það sem fram komi í bréfi Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ársreikninga til Fornleifaverndar ríkisins um rugling við einkafyrirtæki (Fornleifastofnun Íslands) og lagt hafi verið fram í máli þessu. Samkeppnisstofnun sendi Fornleifavernd ríkisins afrit bréfanna 22. mars 2004.

Þann 16. júlí 2004 tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum um frekari töf á afgreiðslu málsins.

Með bréfi Fornleifastofnunar Íslands, dags. 1. nóvember 2004, var óskað upplýsinga um hvað meðferð málsins liði. Þá var lögð áhersla á að niðurstaða í málinu lægi fyrir sem allra fyrst. Samkeppnisstofnun svaraði þann 5. nóvember 2004 og útskýrði að afgreiðsla málsins hefði tafist sökum mikils málafjölda hjá stofnuninni.

Samkeppnisstofnun barst bréf Fornleifastofnunar Íslands sjálfseignarstofnunar, dags. 10. desember 2004, ásamt m.a. afriti bréfs Ríkisendurskoðunar til Fornleifastofnunar Íslands. Rakið er að Ríkisendurskoðun hafi nú svarað fyrirspurn stofnunarinnar og komi fram að ummælin sem Fornleifavernd ríkisins hafi vísað til í málinu hafi átt við um Fornleifastofnun Íslands. Þá stafi upplýsingarnar frá viðræðum við starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins en Ríkisendurskoðun hafi ekki rannsakað sannleiksgildi þeirra né séð ástæðu til að bera ummælin undir Fornleifastofnun Íslands fyrir birtingu þeirra. Ruglingshættan sé svo augljós að ekki sé ástæða til að draga sannleiksgildi upplýsinganna í efa.

Í fyrrnefndu bréfi Fornleifastofnunar Íslands er nú í bréfhaus ritað sjálfseignarstofnun undir heiti stofnunarinnar.

Samkeppnisstofnun sendi bréf Fornleifastofnunar Íslands til lögmanns Fornleifaverndar ríkisins til upplýsinga með bréfi dagsettu 10. desember 2004. Með bréfi, dags. sama dag, sendi lögmaðurinn fyrrnefnt bréf Ríkisendurskoðunar til Samkeppnisstofnunar til upplýsinga.

III.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 18. febrúar 2005, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

1.

Í erindi Fornleifaverndar ríkisins er kvartað yfir notkun sjálfseignarstofnunarinnar Fornleifastofnunar Íslands á heitinu Fornleifastofnun Íslands. Að mati Fornleifaverndar ríkisins skapar notkunin ruglingshættu milli stofnananna. Gerð er krafa um að nafni Fornleifastofnunar Íslands verði breytt eða að bætt verði við nafnið sjálfseignarstofnun eða ses, sbr. 6. gr. laga um sjálfseignarstofnanir nr. 33/1999. Jafnframt að orðinu *foundation* sé bætt við enskt heiti Fornleifastofnunar Íslands. Þá er jafnframt kvartað yfir því að lénnafni Fornleifastofnunar Íslands var breytt úr www.instarch.is í www.fornleif.is. Lénnafn Fornleifaverndar ríkisins er www.fornleifavernd.is.

Fornleifastofnun Íslands segir að stofnunin sé sjálfseignarstofnun sem starfað hafi frá árinu 1995 samkvæmt skipulagsskrá sem staðfest hafi verið af dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Jafnframt hafi forsætisráðuneytið ekki séð ástæðu til að gera athugasemd við heitið. Fornleifavernd ríkisins hafi verið sett á stofn með

Þjóðminjalögum sex árum eftir að Fornleifastofnun Íslands var stofnuð. Í lögum um sjálfseignarstofnanir sé gerð krafa til þeirra sjálfseignarstofnana sem starfandi voru við setningu laganna um endurskráningu og aðlögun samþykkt að lögnum. Það hafi tafist hjá Fornleifastofnun Íslands. Því starfi stofnunin skv. eldri skipulagsskrá og þar með undir því nafni sem stofnunin beri nú.

Til stuðnings máli sínu vísar Fornleifavernd ríkisins til 20. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Einnig verður að mati samkeppnisráðs að taka til athugunar hvort 25. gr. laganna eigi við í málinu. 25. gr. laganna hljóðar svo:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 kemur fram að í 25. gr. laganna felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og sé hún til fyllingar á vörumerkjavernd. Þá segir í greinargerðinni að í síðari málslið 25. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Samkvæmt þessu verður að vera ruglingshætta milli a.m.k. tveggja fyrirtækja til þess að ákvæði þetta eigi við. Að mati samkeppnisráðs getur 25. gr. samkeppnislaga ekki komið til álita í þessu máli þar sem ekki fæst séð að Fornleifavernd ríkisins teljist vera fyrirtæki í skilningi samkeppnislaga.

Í 20. gr. segir að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir séu tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt sé gagnvart hagsmunum neytenda. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum síðum í viðskiptum. Að mati samkeppnisráðs getur það falið í sér óréttmæta viðskiptahætti ef fyrirtæki villa á sér heimildir eða grípa til hvers konar aðgerða sem skapað geta óeðlilega ruglingshættu í viðskiptum. Verður því að taka til athugunar hvort Fornleifastofnun Íslands hafi með aðgerðum sínum í máli þessu farið gegn 20. gr. samkeppnislaga.

Fornleifastofnun Íslands er sjálfseignarstofnun og starfar skv. skipulagsskrá sem staðfest er af dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Áður en Fornleifavernd ríkisins var stofnuð árið 2001 fór Þjóðminjasafn Íslands með stjórnvald á sviði fornleifa. Á þeim tíma virðist ekki hafa verið um ruglingshættu að ræða á milli stjórnvaldsins og Fornleifastofnunar Íslands enda nöfnin ólík.

Þegar Fornleifavernd ríkisins var stofnuð hafði Fornleifastofnun Íslands verið starfrækt í sex ár. Að mati samkeppnisráðs hefði átt að vera ljóst að um ruglingshættu gæti orðið ræða á milli tveggja stofnana á sviði fornleifa með keimlíkum nöfnum. Hefði það átt að geta haft áhrif á nafngift þeirrar stofnunar sem seinna var sett á laggirnar, þ.e. kvartanda í máli þessu Fornleifaverndar ríkisins.

Samkeppnisráði sýnist ljóst að þeir sem ekki þekkja til gætu álitid Fornleifastofnun Íslands vera stjórnvald. Er það bæði vegna þess að nafnið felur í sér orðið stofnun og er kennt við lýðveldið. Er því nokkur hætta á villst sé á Fornleifarstofnun Íslands og Fornleifarvernd ríkisins.

Fornleifastofnun Íslands hefur starfað allt frá árinu 1995 og ekkert í gögnum málsins bendir til þess að stofnunin hafi af ásetningi gefið í skyn að um stjórnvald sé að ræða. Í málinu hefur og umtalsverða þýðingu að nafngift kvartanda, Fornleifaverndar ríkisins, kom ekki til fyrr en sex árum frá stofnun Fornleifastofnunar Íslands. Ekki fæst því séð að Fornleifastofnun Íslands hafi að þessu leyti farið gegn 20. gr. samkeppnislaga.

Samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga um sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri nr. 33/1999 á Fornleifastofnun Íslands að bera í nafni sínu orðið sjálfseignarstofnun eða skammstöfunina ses. Slík skráning átti að eiga sér stað innan sex mánaða frá gildistöku laganna eða í síðasta lagi um mitt ár 2000. Samkvæmt gögnum málsins virðist Fornleifastofnun Íslands ekki enn hafa sinnt þessari skyldu sinni. Þar sem af gögnum málsins má ráða að slík skráning geti haft þau áhrif að hætta á ruglingi milli stofnananna minnki beinir samkeppnisráð þeim tilmælum til Fornleifastofnunar Íslands að skrá stofnunina nú þegar í samræmi við lög.

Í upphaflegu erindi Fornleifaverndar ríkisins er kvartað yfir nafni á léni Fornleifastofnunar Íslands. Þar sem sú kvörtun var ekki reifuð frekar við rekstur málsins sér samkeppnisráð ekki ástæðu til að taka afstöðu til þess þáttar málsins.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til íhlutunar samkeppnisráðs í máli þessu á grundvelli samkeppnislaga nr. 8/1993.“